

Dags eftirlits	22.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Kjartan Elíasson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	Staðsetning	298888,207 498613,941

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., við Nesveg 4b og 10 í Grundarfirði. Stöðin hefur leyfi til að geyma allt að 1.120 m<sup>3</sup> af olíu og móttaka á allt að 100 tonnum af úrgangsolíu á ári, er heimil. Ekki er heimilt að geyma bensín í stöðinni.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang, frágangur birgðageyma, verkstjórn og verkferlar
- Vöktunarmælingar
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar og þjálfun starfsfólks
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar – sniðmát - Kynning
- Stjórnvaldssektir – kynning
- Notkun efna við hreinsun stranda - Kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Eitt frávik frá starfsleyfi kom fram við síðasta eftirlit árið 2019. Var strax brugðist við og því var ekki um eftirfylgni með frávikinum að ræða. Einni ábendingu var komið á framfæri og var einnig brugðist fljótt við og þeim málum komið í lag.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti.

Tveir olíugeymar eru í stöðinni, einn standandi stálgeymir, nr.1, er í steyptri þró við Nesveg 4b og inniheldur hann litaða gasolíu. Geymir nr. 2 stendur einnig í steyptri þró, að Nesvegi 10 og inniheldur flotaolíu. Í þrónni er einnig ónotaður geymir, sem ekki er á vegum rekstraraðila og stendur til að fjarlægja hann.

Áfyllingaplanið er olúhelt og tengt olúskilju. Geymarnir voru botnþykktarmældir árið 2016 og 2019 og hefur áframhaldandi notkun þeirra verið heimiluð. Geymana skal þykktarmæla að lágmarki á 10 ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Allar lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2018 og er næsta prófun því árið 2023, eða á 5 ára fresti. Plan undir úrgangsolíugeymi er steyppt og frárennsli tengt olúskilju eins og krafa er gerð um í gr. 3.4 í starfsleyfi. Fráviki frá árinu 2019 er því lokað.

Báðar olúskiljurnar voru hreinsaðar þann 15. ágúst sl. Sjálfvirkt viðvörðunarkerfi er í olúskiljunum og fær stöðvarstjóri aðvörðun í síma, ef yfirborð olíu í skiljunum fer yfir ákveðin mörk.

Öllum úrgangi þ.m.t. olíublautum úrgangi, er skilað til móttökustaðs úrgangs í Grundarfirði.

Öryggisblöð efna voru aðgengileg í rekstrarhandbók.

Teikningar af stöðinni og verklagsreglur voru sýnilegar uppi á vegg í þjónustuhúsi og starfsleyfið til staðar. Önnur gögn skv. gr. 4.1 í starfsleyfi voru aðgengileg eftirlitsaðila í rekstrarhandbók á staðnum. Mánaðarblöð voru yfirfarin og engin ábending gerð þar um.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir í stöðinni og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina og þrær utan um geyma skoðaðar. Engar ábendingar eru settar fram þar um. Stöðin er snyrtileg á að lífa, girðingar eru í lagi og vel við haldið.

#### **ÁBENDINGAR**

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

#### **ANNAD**


Meðfylgjandi fundarboðinu var sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig fylgdi kynning um stjórnvaldssektir og er rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana sem og leiðbeiningar um notkun efna við hreinsun stranda og mannvirkja innan hafnarsvæðis.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 18.10.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir